



## Samantekt í máli nr. 139/2022 – drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um búsetu fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir, nr. 1038/2018.

Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um búsetu fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir, nr. 1038/2018 voru birt til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda þann 8. ágúst 2022. Umsóknarfrestur var þrjár vikur. Tvær umsagnir bárust, önnur frá Landssamtökunum þroskahjálp og hin frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Í umsögn Reykjavíkurborgar var gerð athugasemd við þá breytingu sem lögð er til í reglugerðardrögunum að fjarlægja tilvísun í reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu, nr. 1054/2010. Að mati mennta- og barnamálaráðuneytis er ekki rétt að koma til móts við athugasemquina. Reglugerð nr. 1054/2010 var sett á grundvelli eldri laga um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992. Lögin voru felld úr gildi með samþykkt nýrra laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Lögin fólu í sér umfangsmiklar breytingar á lagaumhverfi málaflokkins og að mati ráðuneytisins eru engin ákvæði í reglugerðinni sem hafa áhrif á þjónustu við börn með miklar þroska- og geðraskanir, sem ekki er að finna annars staðar í gildandi lögum. Er því talið rétt að fjarlægja tilvísun í reglugerðina.

Í umsögn Landssamtakanna þroskahjálpar var þeim breytingum sem lagðar eru til í reglugerðardrögunum fagnað. Í umsögninni er sérstaklega fjallað um búsetu fyrir börn eftir að þau ná 18 ára aldrí. Þau atriði hafa ekki efnisleg áhrif á reglugerð um búsetu fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir og gaf umsögnin því ekki tilefni til breytinga á reglugerðardrögunum. Samkvæmt forsetaúrskurði nr. 6/2022 um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands er um að ræða atriði sem er á málefnsaviði félags- og vinnumarkaðsráðuneytis. Mennta- og barnamálaráðuneyti sendi félags- og vinnumarkaðsráðuneyti erindi þar sem athygli var vakin á umsögninni.